

Álftanes 25/10/2007

## Skýrsla æskulýðsnefndar Sóta veturinn 2006-2007

Við byrjuðum veturinn á því að fá Ragnheiði Þorvaldsdóttur til að kenna 2.stig knapamerkjanámkskeiðsins og tóku 4 stelpur frá okkur það.

Þar sem við á Álftanesinu búum ekki svo vel að eiga reiðhöll fengum við inni hjá Sörla og skiptust foreldrar á að skutla stelpunum einu sinni í viku .

Þær stóðust prófið auðvitað með stakri þryði.

Undirbúningsfundir fyrir Æskuna og hestinn byrjuðu fyrir áramótin og var mikið fundað fram að sýningu .

Í febrúar hófust svo æfingar fyrir félagsatriði Sóta í Æskunni og hestinum. Í því tóku 6 stelpur þátt og fengum við æfingaaðstöðu í Gusti . Pollarnir í þetta sinnið voru þrír .

Krakkarnir fá mikið út úr því að taka þátt í þessum sýningum og er metnaðurinn mikill.

Stelpurnar sem tóku þátt hönnuðu búningana og saumuðu sjálfar með góðri hjálp nokkurra mæðra og tókst það mjög vel.

Á sumardaginn fyrsta var haldinn árlegur ratleikur á hestum á vegum félagsins og taka krakkarnir virkan þátt í honum og gefa þeim fullorðnu ekkert eftir.

Í maí voru svo reiðnámskeið fyrir börnin sem Auðunn var með og gekk það vel.

Eyrún Sigurjónsdóttir  
Formaður Æskulýðsnefndar Sóta